

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 83. gr. b., 3. tölulið skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1.275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 495, 3. des. 1986.

Samgönguráðuneytið, 25. janúar 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 494/1986 um hafnamál.**

1. gr.

5. gr. 2. málsg. orðist svo:

Skipagjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga nr. 69/1984 skulu miðast við mestu brúttóstærð, sem skráð er á mælibréf skips samkvæmt lögskipaðri alþjóðamælingu.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 25. janúar 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.